

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Leikskólinn Árborg

2018 – 2019



Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.

Vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi.

Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla	4
Leiðarljós leikskólans:	5
1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári	5
2 Um innra mat í leikskólum	6
2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Bláalands um starfið á síðasta ári.....	9
2.2 Stutt greinargerð deildarstjóra Rauðalandi um starfið á síðasta ári.....	11
2.3 stutt greinargerð deildarstjóra Grænalands um starfið á síðasta ári.....	13
3 Ytra mat	15
4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári	18
5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.	20
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	21
07 Foreldrasamvinna	21
8 Samstarf leik- og grunnskóla (<i>Stutt um helstu áherslur í samstarfi skólanna</i>).....	22
9 Skipulagsdagar.....	23
10 Fylgigögn.....	23
10.1 Matsgögn.....	23
10.2 Umsögn foreldraráðs (Starfsáætlunin telst ekki samþykkt án umsagnar foreldraráðs)	23

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, skipulag, leiðir að markmiðunum og hlutverk starfsfólks.
- Áætlun um hvernig markmiðin verða metin og hvernig og hvort þeim hefur verið náð.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Leiðarljós leikskólans:

1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Árið hefur hefur einkenst af breytingum og þá sérstaklega í starfsmannahópnum. Við fengum nýjan aðstoðarleikskólastjóra í ágúst sem hefur verið að setja sig inn í starf leikskólans í vetur. Það fóru tveir starfsmenn leikskólans í fæðingarorlof í nóvember og janúar og þar var annar sérkennslustjórinn sem kom til starfa í júní í fyrra. Breytingar hafa því verið í sérkennslunni því sú sem sá um stuðninginn leysir af sérkennslustjóranum í fæðingarorlofinu. Okkur tókst ekki að fylla í skarð stuðningsaðila og hefur því mesta áherslan verið á þau börn sem haf fengið einhverja greiningu og síðan unnið í skorpum í málörvunarhópum. Við vorum með langtímaveikindi starfsmanna megnið af síðasta ári og alveg fram í nóvember en höfum verið í góðum málum hvað það varða síðan. Starfsmenn áttu inni orlof ásamt því að aðrir tóku launalaus leyfi sem búið var að ákveða með árs fyrirvara.

Starfsmannahald hefur því einkenst af reddingum oft á tíðum. Við fullnýttum plássin í leikskólanum í september en eftir að búið var að aðlaga öll börn inn fóru þau að flytja í burtu aftur og við það urðu laus pláss á yngstu deild því eldri börn sátu ofan á biðlista og eldri deildar yfir fullar. Það sem kom í ljós við að það fækkaði börnum á yngstu deild var að minna var um fjarvistir starfsfólks og meiri tími og pláss fyrir börnin.

Gert var ytra mat á leikskólanum af hálfu SFS og var það framkvæmt í september og úrbótaáætlun lögð fram í desember. Unnið hefur verið að úrbótum á ýmsum þáttum í starfi leikskólans í vetur og mun það halda áfram á komandi ári. Við höfum verið að fara yfir leikfanga og búnaðarkost skólans og endurnýja það sem er gengið úr sér, þetta tekur tíma og er langtímaáætlun. Umbótavinna ytra mats hefur tekið tíma sem síðan hefur komið niður á öðrum þáttum að einhverju leiti.


Síðasta starfsár höfum við verið að leggja sérstaka áherslu á lestu fyrir börn og verið með hvatningu til foreldara um að lesa fyrir börn sín á hverjum degi. Við höfum sett af stað verkefnið „Bókaormurinn“ og byggir hann á samvinnu við foreldra um að það lesa á hverjum degi fyrir barnið og komi svo með nafn á bók og barni og festi á orminn sem lengist og hlykkjast um deildina. Við gerðum þetta 2x í vetur í 1.mánuð í haust og ½ mánuð í vor. Þetta tókst vel og var góð þátttaka foreldra.

Leikskólinn verður 50 ára í febrúar 2019 og er það því við hæfi að gengið hefur verið í viðhald utanhúss sem ekki hefur verið vanþörf á. Húsið var sprunguviðgert, gluggar yfirfarði og tréverki utanhúss og síðan á að mála húsið að utan í sumar.

2 Um innra mat í leikskólum

Í innra mati er gert mat á skólastarfi byggt á **skólanámskrá** leikskólans og eða **áherslum** leikskólans og SFS. Skoða þarf hvernig gengur að vinna að markmiðum leikskólans og tilgreina hvaða leiðir eru farnar til að ná fram þessum markmiðum og safna gögnum um framvinduna. **Meta þarf sérstaklega nám og velferð barna, styrkleika þeirra og hæfni.**

Hægt er að líkja matinu við hringlaga ferli þar sem gagnaöflun fer fram í starfinu. Gögn eru greind í samvinnu, lagt mat á þau og ákvarðað hvað skal gera í framhaldinu. Settar eru fram umbætur/matsáætlun sem byggja á niðurstöðum gagna líðandi starfsárs og vinna skipulögð út frá þeim niðurstöðum. Í umbótaráætlun eru settar fram hvaða leiðir þarf að fara til að ná þeim viðmiðum sem stefnt er að. Þannig fer þetta ferli hring eftir hring og stuðlar að bættu skólastarfi.



Leiðbeingar um innra mat leikskóla, bls. 8.

Gera skal **matsáætlun/umbótaráætlun** og gerið grein fyrir hvað þættir í leikskólastarfinu er áætlað að meta og/eða bæta. Hver deild/sérkennsla skilar matsáætlun út frá skólanámskrá leikskólans og markmiðum sem sett eru í upphafi skólaárs ásamt stuttri **greinagerð deildarstjóra/sérkennslustjóra** um hvað og af hverju matsþættirnir voru valdir fyrir starfsárið út frá niðurstöðum líðandi starfsárs (2017-2018).

Samantekt á Innra mat á áhersluþáttum leikskólans veturinn 2017-18

Áherslu þættir síðasta árs voru settir fram og metnir eins og undanfarin ár. Unnið var í hópum þvert á deildar og farið yfir áhersluþætti innan Málörvunar, náttúru og vísinda, lista og skapandi starfs, lýðræði og fjölmenningu.

Málörvun: Framhaldsögulestur var vinsæll hjá elstu börnunum og kusu þau hann umfram cd diska. Við feldum niður málörvunarhópa vegna manneklu en í staðin var passað upp á þau börn sem verst stóðu í málinu. Málörvunarhópar verða virkjaðir næsta vetur og fá sinn stað og stund. Lestur fer nú fram í minni hópum. Í maí var farið í 3ja vikna átak í málörvun með einn hóp í einu sem gekk vel, var þetta gert til að mæta fleirum og ná að sinna þeim sem þurftu meiri örvun en aðrir. Við náðum ekki að gefa öllum „10 mínútur „ í spjall en líklega var smá misskilningu í gangi þar varðandi framkvæmd og fólk því miklað þetta fyrir sér. Þetta verður tekið upp á næstu önn og þá munum við taka ákveðna einstaklinga sem mest þurfa á málörvun að halda og nota þessa 10 mínútna aðferð, þ.e að hver starfsmaður tala við barnið að lágmarki 10 mínútur á dag, ef allir á deildinni gera það fær barnið örugglega 40 mínútna samræður við fullorðna yfir daginn. Við fórum af stað í átak með foreldrum í bókalestir í vetur sem hét Bókaormurinn, það gekk vel og mun hann halda áfram og líklega festa sig í sessi, við þurfum þó að virkja betur foreldra erlendu barnanna að lesa fyrir börn sín á sínu tungumáli. Við fengum bækur að láni frá borgarbókasafninu í Bókakofforti sem foreldrar gátu fengið lánaðar bækur úr og voru bækur á öllum tungumálum sem voru í húsinu. Við fórum ekki eins oft í bókasafnið og við ætluðum en það er á dagskrá að fara oftari í bókasafnið, það þarf ekki alltaf að panta tíma við getum farið með litlum fyrirvara. Leikskólinn mun allur halda áfram á þessari braut á næsta starfsári.

Náttúra og vísindi: Útikennslan gekk vel en elstu börnin eru eini hópurinn sem er með skipulagða útikennslu, ákveðið að fara oftari út fyrir lóðina og í strætóferðir. Við ættum að nota skógarlundinn fyrir alla hópana og að þeir velji sér svæði til að fylgjast með árstíðabreytingum. Óskað var eftir ljósaborði og segulkubbum og ákveðið að kaupa það.

Listir og sköpun: Við þurfum að taka okkur á að skapa rými fyrir frjálsa sköpun, hafa efnivið aðgengilegan, pappír og alls konar dót. Vera dugleg að nota leir án leikefnis. Við förum með elstu börnin í leikhúsin, á símfóniútónleika, Árbæjarsafn og önnur söfn sem geta verið mismunandi eftir árum, elstu börnin taka líka þátt í barnamenningarhátíðinni ásamt tónskóla Sigursveins. Næst elsti árgangurinn fer í þjóðminjasafnið fast og síðan fara þau ásamt yngri börnum í heimsókn á bókasafnið.

Lýðræði og mannréttindi: Í vetur var farið að stað með samvinnu milli eldri deilda og yngstu deildar um að elstu börnin kæmu í heimsókn yfir á yngstu deild og aðstoðuðu

við að klæða yngstu börnin út. Þetta gafst vel og þótti krökkunum þetta spennandi og fundu til ábyrgðar gagnvart yngri börnunum. Þetta verður þróað áfram næsta vetur. Börnin skulu setja sér reglur til að fara eftir í hópastarfi og matmálstímum. Reglur sem svo eru sýnilegar myndrænt uppi á vegg. Lagt verður upp úr því að allir fái að leggja til málana þegar ákvarðanir eru teknar í hópunum og meiri hluti ráði.

Starfsmannahópurinn þarf á námskeiði að halda í Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna. Auka ábyrgð elstu barna svo sem við undirbúning matartíma og hvíldartíma í sal. Farið var í umræðu um einkastaði í vetur og verður það gert áfram næsta vetur með elstu börnunum og þeim kennd mörk varðandi þá. Hugmynd kom að því að setja upp góðgerða orm í líkingu við bóka orminn, það verður skoðað næsta vetur.

Fjölmennning: Við höfum verið með verkefnið Töfrateppið tvö síðustu ár en í vetur féll það niður eins og svo margt vegna manneklu. Ætlunin er að reyna að endurvekja það aftur. Við ákváðum að fá inn fræðslu um fjölmennningarlega vinnu og verður það á starfsdegi í haust. Við höfum eftir okkur í að koma upplýsingum til erlendra foreldra og eru fréttir á heimasíðu á íslensku og ensku og upplýsingar sendra heim með tölvupósti á íslensku og ensku. Við munum halda áfram á þeirri braut til að gera okkar besta til að sem helst allir vitir hvað er í gangi í leikskólanum.



Útinám

2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Bláalands um starfið á síðasta ári

Veturinn 2017-18 gekk heilt yfir nokkuð vel. Okkur tókst að halda dagskrá (stundaskrá) að mestu leit þó komið hafi fyrir að fella hafi þurft niður einstaka liði ef illa stóð á í húsinu. Unnið hefur verið samkvæmt umbótaáætlun í vetur ásamt því að vinna að þeim áherslum sem leikskólinn setti sér fyrir síðasta starfsár. Meðal þeirra umbótaþátta sem hefur verið unnið að er t.d. að gera dagskipulagið sýnilegra og myndrænt fyrir alla, foreldra og börn, bæði inni á deild og í fataklefa. Bæt var aðgengi að bókum og þær settar í hæð barnanna og þar sem þau geta náð í þær. Við höfum aukið verðlausan efnivið í leik og í skapandi starfi. Við höfum unnið með sjálfshjálp barna í matmálistímum og eru nú öll börn að hjálpa sér að einhverju eða öllu leiti sjálf við borðhaldið, það eykst eftir því sem þau eru eldri, einnig ganga allir frá í lok matartíma. Við höfum einnig verið að efla okkur við skráningar ýmiskonar og munum vinna áfram að því á næsta starfári.

Innra mat Bláalands

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Setja fleiri orð og hugtök á athafnir	Vera meðvituð um máltöku og málakilning barnanna	Auka samræður við börn í öllum daglegum athöfnum og aðstæðum dagsins og gera þær innihaldsríkari – setja orð á hugtök og athafnir	Er alltaf í gangi	Deildarstjóri og allir starfsmenn leikskólans	Rýnihópur starfsmanna, skráning,	Að börnin bæti orðaforða sinn og geti nýtt sér það til gagna.
Lesi í þarfir hvers og eins barns	Að gæta þess að lesi í þarfir allra barnanna - líka þeirra "ósýnilegu - rólegu"	Allir gefi sig að öllum börnunum - líka þeim rólegu. Nota skráningar til að finna þá	Endurmet a 1x á önn	Deildarstjóri og allir starfsmenn deildarinnar	Rýnihópur á deildarfundu m skráning	Starfsfólk eigi jákvæð og uppbyggileg samskipti við börn og myndi tengsl við þau í gengum leik.

		sem við ætlum að gefa extra 10 mín.				
Að vinna markvisst að heimamenningu barnanna	Að öll börn, upplifi sig sem hluta af leikskólamennin gunni	Að hvert barn eigi sína viku yfir veturinn þar sem það er í forgrunni .	Endurskoðað 1x á önn	Deildarstjóri og allir starfsmenn deildarinnar	Rýnihópur á deildafundum, myndir og skráning og í foreldrakönnun	Starfsfólk hafi yfirsýn og gæti þess að hvert barn fái að njóta sín
Sjálfs hjálp barnanna á matmálstímum	Öll börn læri að verða sjálfbjarga í matmálstímum	Að börnin hjálpi sér sjálf við matarborið og að þau læri að ganga frá að lokinni máltíð á matarvagninn,	Hefst í janúar 2018 Endurmetið 1x á önn.	Deildarstjóri og allir starfsmenn deildarinnar	Könnun meðal barna og starfsfólks , myndaskráning	Börn fái tækifæri til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni
Skráning	Gera leikskólastarfið gagnsærra og sýnilegra, þannig er hægt sé að meta hvað vel er gert og hvar má gera betur. Þannig fylgjast starfsmenn, foreldrar, m.a. með námi, þroska og líðan barnanna.	Leikskólinn mun bjóða öllu starfsfólkinu upp á endurmenntun í skráningu. Þannig byrja að byggja upp þekkingu sem mun svo þróast áfram.	Alltaf í gangi og endurmetið 1x á önn.	Leikskólastjóri, deildastjóri og starfsmenn	Rýnihópur á deildastjórafundum.	Á grundvelli skráningar og mats er áframhaldandi nám skipulagt og séð er til þess að öll börn fái menntun, uppeldi og umönnun við hæfi.

2.2 Stutt greinargerð deildarstjóra Rauðalands um starfið á síðasta ári

Skipulagt starf fór seinna af stað en oft áður en gekk síðan vel þó fella hafi þurft niður dagskrárliði í undantekningartilfellum vegna forfalla. Óvenju mörg börn þurftu á viðbótar málörvun að halda í vetur og því fylgdi aukin samskipti út fyrir deildina s.s við fagaðila. Deildin var í jafnvægi og starfsfólki gekk almennt vel að vinna saman að settum markmiðum. Lestraráttak gekk vel og var lesið í tvískiptum hópum í allan vetur 2x á dag (minnst). Bókaormurinn var á ferðinni 2x í vetur, í einn mánuð í nóvember og í ½ mánuð í maí . Mikil og góð þátttaka var meðal foreldra og voru lesnar samtals 414 bækur á þessum tveimur tímabilum. Bókaormurinn er komin til að vera og hvetur foreldra til að vinna að bættum orðaforða og málskilningi hjá barni sínu. Spilastundir voru reglulegar, markvisst áttak var gert í teikningu og og skilaði það miklum árangri s.s. beitingu skriffæra, hugmyndaauðgi, þróun í myndgerð og fl. Unnið var með handverk og saumaskap. Börnin í tveimur elstu árgöngunum ófu lítil teppi og saumuðu út í jafa. Börnin voru hvött til aukinnar sjálfshjálpar í matmálstímum sem fólst í því að þau skömmtuðu sér sjálf og gengu frá eftir sig á vagninn eftir matinn. Ytra mat sem fram fór í sept.2017 hefur verið stór þáttur í umbótastarfi vetrarins og mun starf næsta árs taka áfram mið af umbótaáætlun.

Innra mat Rauðalands

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Skráning á námi barna sýnileg á deildum	að efla innra mat deildarinnar með skráningu og marvissum hætti þar sem þroskaframvind a barns er sýnileg fyrir þá sem koma að leikskóladvölinni svo sem foreldrum og starfsfólki	Fá námskeið í skráningum og hvernig við stöndum að innra mati. Við byggjum svo á þeim grunni og þróum skráningar áfram .	Námskeiði verði lokið í febrúar 2018 Skráninga r eru alltaf í gangi. Endurmeti ð 1x á önn	Leikskólastjóri Deildarstjóri Starfsmenn deildar.	Rýnihópur starfsmanna, rýna í fyrirliggjandi gögn	Á grundvelli skráningar og mats er áframhaldandi nám skipulagt og séð er til þess að öll börn fái menntun, uppeldi og umönnun við hæfi.
Börnin hvött til að deila reynslu sinni,	að efla þátttöku barna í að segja frá og efla um leið sjálfstraust	Nýta samverustundi til að hvetja börnin til að segja frá, auka	Alltaf í gangi Endurmet a 1x á önn	Deildarstjóri og starfsmenn deildar	Rýnihópur starfsmanna, skráning,	Að efla þátttöku barna í að segja frá og efla um leið sjálfstraust þeirra

hugmyndu m og tilfinningu m		við efnivið til að leika sögur og ævintýri , ræða við þau um ýmis málefni				
Börnin fá tækifæri til að hafa áhrif á skipulagni ngu starfs	Að börnin upplifi sig þátttakendur og að þau hafi eitthvað að segja um hvernig dagurinn gæti verið	Afla upplýsinga um á hvern hátt er best að framkvæma þennan þátt. Samræming sé í húsinu	Alltaf í gangi, endurmet ið 1x á önn.	Stjórnenda teymi ásamt starfsmönnum	rýnihópur starfsmanna, könnun meðal barnanna og foreldra.	Börnin hafi áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda
Jafnrétti birtist í starfi á deildinni og trú starfsman na á getu barna	Auka þátttöku barna í að hjálpa sér sjálf og byggja upp þá trú að börnin séu getumikil og hafi áhuga á að gera vel.	Öll börn læri að skammta sér sjálf í í matmáltímum, fer eftir aldri og þroska. Allir ganga frá eftir eftir máltíðar Öll börn eru þjónar og aðstoða við að sækja matinn og segja frá því með táknum hvað er á boðstólum.	Alltaf í gangi og er endurmet ið 1x á önn	Deildarstjóri og starfsmenn deildar	Rýnihópur, könnun meðal barnanna og starfsfólks, myndir og skráning.	Að i vinnu og viðhorfum starfsfólks komi fram að það hafi trú á getu og hæfni barna
Unnið markvisst að vísindum	Að auka vitund barnanna fyrir umhverfi sínu	Setja á dagskrá að fara í skipulagða gönguferð 1x í mánuði. Fara á leynistaði og fylgjast með gróðri, lífríki og veðri, hvernig það breytist milli árstíða.	Sept. 2018-apríl 2019 Endurmeti ð 1x á önn	Deildarstjóri og starfsmenn deildar	Rýnihópur starfsmanna. könnun meðal barnanna. Skráning, myndir	Að auka vitund barna fyrir umhverfi sínu og náttúrunni.

2.3 Stutt greinargerð deildarstjóra Grænlands um starfið á síðasta ári

Haustið fór af stað með ytra mati á leikskólanum og skapaði það aukið álag á deildina. Við misstum út reyndan starfsmann í fæðingarorlof og fengum ungann og óreyndan starfsmann sem setja þurfti inn í starfið. Deildin var þyngri en oft áður vegna barna sem þurftu aukna ummönnun og sinningu og gekk það fyrir öðru starfi. Okkur tókst að halda skipulagi nokkurn vegin í réttum skorðum fyrir áramót og gekk það vel eftir áramót. Við ytra mat komu fram þættir sem þurfti að vinna að og voru t.d. bækur gerðar sýnilegri og aðgengilegri fyrir börnin. Við drógum úr notkun á beislum í stólunum nema í ýrtruðu tilvikum þegar líf og öryggi barns var í hættu. Komum okkur upp auknum verðlausum efnivið til leikja. Höfum aukið skráningu ýmiskonar. Okkur gekk ekki nógu vel að fylgja eftir að hafa minni hópa í samverustundum en það mun vera unnið með næsta vetur. Við höfum byrjað á að auka áhrif barnanna á samverustundi með því að þau fá að velja á milli bóka eða söngva. Verið er að skoða með hvaða hætti er hægt að auka rými til að mæta hreyfipörf og samskiptum barnanna á deildinni, og er verið að skoða með að skipta út stólum og fækka börnum og fl. Næsta vetur verður málörvun og máltaka aðaláherslan á deildinni.

Innra mat Grænlands

Umbóta- þættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Málörvun	Að námsumhverfi styðji við máltöku og málþroska barna	Að spjalla meira við börnin og setja orð á athafnir og efla grunnorðaforða og styðjast við orðaforðalista frá NMS. Endurtaka rétt það sem þau segja. Lesa oft og markvisst fyrir börnin. Vera með myndir á	Allt árið Endurmet a 1x á önn	Deildarstjóri, Sérkennslustjóri Starfsmenn	Rýnihópur starfsanna fari fram á deildarfundum, skráningar, myndir og foreldrakönnun	Að börnin nái tókum á íslensku máli, bæði málskilning og bæti við sig orðaforða

		veggjum sem kalla á samræður. Hvetja foreldra til að lesa og taka þátt í bókaorminum. Fá fræðslu frá miðju máls og læsis.				
Vinna markvisst með heimamenningu barnanna	Að auka samvinnu milli heimila barnanna og leikskólans	fá fræðslu, vinna að gagnaöflum um hvernig sé hægt að vinna betur með heimamenningu barna.	Byrja haust 2018 , endurmet a 1x á önn	Leikskólastjóri og deildarstjóri og starfsmenn	Rýnihópur starfsmenn, ,taka myndir , spyrja foreldra,	Að öll börn eigi sýnilega hlutdeild í barnahópnum
Starfsfólk leiðbeini og taki þátt í leik barnanna	Að börnin öðlist færni í að nýta efniviðinn til náms og þroska	að vera til staðar til að aðstoða við þróun leiksins, að kenna börnunum að leika sér með leikefnið og möguleikum þess, fara meira niður á gólfíð til barnanna	Allt starfárið Endurmet a 1x á önn	Deildarstjóri og allir starfsmenn deildarinnar	Rýnihópur starfsmanna taka myndir skráning	Að börnin öðlist færni í að nýta efnivið til náms og þroska
Vinna með skráningar	Að fylgjast betur með framförum barna	Fá námskeið um skráningu og byrja á skráningum strax	Fá námskeið í febrúar 2018 , allt starfsárið Endurmet a 1x á önn	Stjórnendur ,deildarstjóri, starfsmenn	Rýnihópur starfsmanna skoða fyrirbyggjandi gögn	Á grundvelli skráningar og mats er áframhaldandi nám skipulagt og séð er til þess að öll börn fái menntun, uppeldi og umönnun við hæfi.

3 Ytra mat

Í lögum um leikskóla nr. 90/2008 eru ákvæði um mat og eftirlit sveitafélaga með leikskólastarfi.

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í leikskólum eru að veita upplýsingar um leikskólastarf, tryggja að starfsemin sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla, auka gæði náms og leiksólastarfs og tryggja að réttindi barna séu virt. Starfsmenn fagskrifstofu leikskólasviðs sáu um úttekt á leikskólastarfinu, með heimsóknnum og athugunum, viðtölum við starfsmenn, stjórnendur og foreldra. Í kjölfar úttektar var unnin úrbótaáætlun um þá þætti sem betur máttu fara.

Farið var strax í að vinna að umbótum á ýmsum þáttum starfsins, deildar unnu að því að bæta það sem mesta athugasemd fékk og tókst að ljúka nokkrum málum en önnur verða í áframhaldandi umbótum. Við ætluðum okkur nokkuð mikið en sáum að við þyrftum lengri tíma til að kom á varanlegum umbótum. s.s. varðandi rými og aðbúnað. Ytra mat er að finna inni á vef Reykjavíkurborgar .



Brosdagur

Niðurstöður ytra mats:

VIÐMÍÐARAMINN

Meðaltalsútkoma í hverjum undirkafla skýrslunnar.

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Mannauður	Leikskólabragur	Innra mat
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Skipulag náms og námsaðstæður	Hlutverk leikskólakennara	Viðmót og menning	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Uppeldi, menntun og starfshættir	Fagmennska starfsfólks	Velferð og líðan barna	Gagnaöflun og vinnubrögð
Faglegt samstarf	Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Starfsánægja	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Opinber birting og umbætur
Leikskólaþróun og símenntun	Námssvið leikskólans		Viðhorf foreldra	
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Leikskóli án aðgreiningar/ leikskóli margbreytileikans			
	Mat á námi og velferð barna			

Myndin sýnir meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar.

Dökkgrænt – mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Ljósgrænt – gott verklag og flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Gult verklag – verklagi ábótavant, einhverjir mikilvægir þættir krefjast úrbóta.

Rautt – óviðunandi verklag.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Mat á starfsháttum fari fram reglulega	Að allir starfsmenn leikskólans séu virkir í innra mati.	Fer fram á hinum og þessum fundum og starfsdögum	Byrja strax , aldrei lokið	Stjórnendur	Umræðumat greining á gögnum sem liggja fyrir	Lýðræðisleg vinnubrögð og samstarf einkenna innra mat leikskólans og umbóta starf í kjölfar þess .
Að markmið skólanámskrár verði metin markvisst og reglubundið með einhverjum hætti	Að allir hagsmunaaðilar séu upplýstir og meðvitaðir um hvert við stefnum í sameiningu.	Að meta á umræðugrun dveli út frá þeim gögnum sem við höfum	Byrja strax, endurskoða á þriggja ára fresti.	Stjórnendur	Umræðumat á grundvelli þeirra gagna sem fyrri liggja	Bæta og þróa skólastarf
Fjölbreyttar aðferðir verði notaðar við gagnaöflun	Finna aðferðir sem hæfa hverjum matsþætti	Gæta að því að innra mat byggji á margvíslegu m gögnum	Byrja strax og vera alltaf með í huga að safna gögnum	Stjórnendur og starfsfólk	Mat með þeim gögnum sem við á hverju sinni	Að fá betri yfirsýn yfir skólastarfið nám og velferð barna.

4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári

Á liðnum vetri var lagt upp með að efla málörvun á öllum aldurstigum. Myndaðir voru málörvunarhópar fyrir börn á aldrinum 3-6 ára og hittust þeir nokkrum sinnum í viku um skeið. Einnig var lögð áhersla á lestur bóka fyrir börnin bæði í leikskólanum og heima. Settur var af stað Bókaormurinn sem hvatningartæki fyrir börn og foreldra til að lesa heima. Markmið var að tala við hvert barn í að minnsta kosti 10 mínútur á dag með augnsambandi til að auka orðaforða og hvetja barnið til að segja frá og ræða málin.

Í desember urðu mannaskipti í stöðu sérkennslustjóra vegna fæðingarorlofs sitjandi sérkennslustjóra. Við það datt út stuðningsstaða sem ekki tókst að manna og hafði það áhrif á allt málörvunar starfið. Þrjú börn voru með fjármagn með sér og fengu þau tíma flesta daga vikunnar, reglulegir teymisfundir voru með foreldrum þessara þriggja barna ásamt sérkennslufulltrúa frá þjónustu miðstöð Árbæjar og Grafarholts. Í kjölfar þessara stöðu var lögð áhersla á að sinna verst settu börnunum og fengu þau, í þrjár vikur í senn, einkatíma hjá sérkennslustjóra. Að þeim tíma liðnum var skipt um hóp og þannig reynt að ná til flestra barna með alvarlega málörðugleika. Bókaormurinn tókst vel og hefur hann greinilega hvetjandi áhrif á lestur heima. Lestrarstundir inni á deild gengu vel en misjafnlega gekk að eiga samtalið við hvert barn og fór það eftir hversu vel var mannað á deildunum. Við veikindi og aðrar óvæntar upptakomur sinnti sérkennslustjóri störfum inni á deildum og gengu þá börnin þrjú með fjáramagnið á bak við sig fyrir. Reglulegir teymisfundir voru með foreldrum þessara þriggja barna ásamt sérkennslufulltrúa frá þjónustu miðstöð Árbæjar og Grafarholts.

Markmið í sérkennslu 2018 -2019

Á komandi hausti er markmiðið að vinna með Lubba efnið á öllum deildum. Hvert barn mun fá Lubbatákn fyrir nafnið sitt og verður Lubbastafrófið hengt upp á vegg á öllum deildum. Einnig munum við hafa að markmiði að vinna með aldurstengda orðalista, gefna út af menntamálastofnun, og stefna að því að efla orðaforða og skilning á öllum stigum. Þar sem mörg börn af erlendum uppruna munu bætast í barnahópin verður fjölmennig efst á baugi og munum við fá til okkar sérfræðing í þeim efnum sem ráðgjafa um hvernig best er að vinna með það. Málörvun fer í gang á yngsta stigi strax eftir sumarfrí og er stefnt að því að sérkennslustjóri komi inn á deildina daglega og vinni með börnunum. Útbúið verður kennsluefni út frá orðalistunum og unnið með það á marga vegu til að dýpka skilning og auka orðaforða. Starfsfólk á deildum fær ráðgjöf og hvatningu um að vinna með efnið og verða haldnir fundir með reglulegu millibili þar sem farið verður yfir stöðuna og skipst á skoðunum og reynslusögum.

Bókaormurinn verður á sínum stað og einkatímar fyrir þau börn sem glíma við alvarlega málörðugleika.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Leggja áherslu á að íhlutun fari sem mest fram í daglegu starfi	Að virkja allt starfsfólk til þátttöku	Með fræðslu, með því að styðja við deildar og leiðbeini starfsfólki.	Ágúst 2018 - Júní 2019	Leikskólastjóri, Aðstoðarleikskól astjóri sérkennslustjóri	Með eftirfylgni á deildarfundum, með símati, endurmat í maí 2019.	Að starfsfólk vinni saman og deili ábyrgð á námi og verferð barnanna.
Einstaklingsnám skrár séu gerðar fyrir börn sem þurfa sérstakan stuðning	Að hafa yfirsýn með framförum	Að skrá niður formlega það sem á að vinna með og tímasetja það	September 2018 –des 2018	Sérkennslustjóri	Endurmat maí 2019	Að vinna markvisst eftir viðurkenndum leiðum.
Snemmtæk íhlutun höfð að leiðaljósi	Að auka orðaforða og málskilning allra barna	Með virkjun allra starfsmanna í að vinna með orðforðalista menntamála stofnunar og Lubba.	Ágúst 2018-júní 2019	Stjórnunarteymi og sérkennslustjóri	Endurmat maí 2019	Að börnin fái jöfn tækifæri í leik og námi og eigi hlutdeild í leikskólastarfinu.

5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Undanfarin ár hefur börnum fjölgað sem eru með annað móðurmál en íslensku og hefur þeim jafnframt fjölgað meira sem eru með báða foreldra erlenda. Til viðbótar hefur aukist að foreldrar hafa hvorki íslensku eða ensku til að tjá sig. Skólaárið 2018-2019 verður 31% barnanna með erlendan bakgrunn. Það eru 5-8 börn á hverri deild eða 19 börn með annað tungumál. Næsta starfsár verða töluð 10 tungumál auk íslensku í Árborg. Flestir tala pólsku eða 6 börn. Við höfum verið með nokkuð fljóttandi tengiliði með fjölmenningu því það hafa verið mannaskipti í vetur og því enginn sérstakur sem hefur haft þetta á sinni könnu þó sérkennslustjóri, aðstoðarleikskólastjóri og leikskólastjóri hafi verið að sinna þessum málaflokk.

Síðasta ár var enginn sérstök fræðsla sem kom í hús vegna fjölmenningar en fyrirhugað er að fá Fríðu Bjarney næsta vetur til að hjálpa okkur við skipulag fjölmenningarlegrar vinnu. Við höfum gert sýnilegt að við erum með börn frá mörgum löndum í leikskólanum með t.d. fánum uppruna þjóða þeirra og sýnishorn af ritmáli, við erum með heimskort og við höfum tvisvar sinnum verið með fljúgandi teppi á síðustu árum en það féll niður á síðasta ári vegna forfalla í starfsmannahópnum.

Í upphafi árs fékk Leikskólinn úthlutað fjármagni til að nota í launagreiðslur, fræðslu eða kaup á kennslugögnum, við náðum ekki að ráðstafa þessu fjármagni á vorönn en við ætlum að reyna að nýta það að einhverju leiti til launagreiðslu til að vinna með sérstaka málörvun fyrir þau börn sem standa verst í máltöku á íslensku.

Þegar barn byrja í leikskólanum sem er með erlendan bakgrunn, er foreldri kallað í viðtal eins og allir aðrir foreldrar nem að hugað er að hvort viðkomandi þarf á túlkaþjónustu að halda. Notast er við stöðluð eyðublöð og upplýsingagögn frá SFS á því tungumáli sem foreldri talar ef það er til. Við notum örlítið myndræn skilaboð. Á heimasíðu leikskólans eru fréttir settar á íslensku og ensku og þar er líka hnappur með ýmsum upplýsingum á ýmsum tungumálum. Ef póstur er sendur heim til foreldra er hann bæði á íslensku og ensku. Við höfum verið með foreldra sem eingöngu talar sitt móðurmál og höfum við þá reynt að útskýra með táknum eða myndrænt ef um mikilvæg skilaboð eru að ræða. Við höfum lagt áherslu á að foreldri tali sitt móðurmál við barnið því það er grunnur sem barnið byggir ofan á. Þegar bókaormurinn var í fyrra skiptið síðasta vetur þá fengum við bókakoffort frá borgarbókasafninu og voru bækur í því á þeim tungumálum sem börnin í húsinu töluðu og gátum við lánað þær til foreldra með hvatningu um að lesa fyrir börnin á þeirra eigin tungumáli. Við vinnum með málið í samþættu námi barnann þar sem blandast saman orðaforði, skilningur, tjáning og ritmál.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl eru einu sinni á ári og voru þau flest tekin í mars í ár. Viðtölin fóru fram í leikskólanum og tók hvert viðtal 45 mín-1 klst.

Símenntun fór að mestu fram á skipulagsdögum og tóku allir starfsmenn þátt í þeirri fræðslu. Við vorum með Slysavarnanámskeið sem Herdís Storgaard hélt hér í leikskólanum. Hugræn athyglismeðferð fyrir starfsmenn sem haldið var í samstarfi við 3 aðra leikskóla í hverfinu, Sólveig Dröfn Davíðsdóttir sálfræðingur á Kvíðamiðstöð var með fræðsluna. Námsekið um skráningar sem Kristín Hildur Ólafsdóttir leikskólaráðgjafi hélt. Leikskólastjóri tók þátt í námskeiðsdegi leikskólastjóra, stjórnendadegi Reykjavíkurborgar, námsekiði um markaðsmál, námskeið um streitu í Gerðubergi ásamt aðstoðarleikskólastjóra, námsferð með leikskólastjórum til Finnlands á vegum Reykjavíkurborgar, markviss og uppbyggileg endurgjöf. Aðstoðarleikskólastjóri ásamt deildarstjóra sóttu ráðstefnu um heilsueflandi leikskóla.

Á næsta starfsári er gert ráð fyrir að allir starfsmenn fái fræðslu frá miðju máls og læsis, fræðsla um fjölmennningarlegt starf, ráðstefna SFS í febrúar og fræðslu um einelti sem fyrirhugað er með nokkrum leikskólum í hverfinu. Leikskólastjóri mun sækja forystunám sem haldið verður á vegum Reykjavíkurborgar fyrir stjórnendur næsta vetur. Við munum nýta okkur tilboð sem koma upp og senda fólk eftir því sem við á til að afla sér fræðslu.

Fyrirhuguð er námsferð erlendis í maí 2019 í tilefni af því að leikskólinn er 50 ár 2019. Það er ekki búið að festa niður hvert verður farið en það mun gerast fljótlega á haustdögum.

7 Foreldrasamvinna

Foreldraráð er kjörið á aðalfundi foreldrafélagsins í október ár hvert. Það eru tveir fulltrúar ásamt leikskólastjóra í foreldraráði. Fjöldinn hefur ráðist af því að ekki hefur verið auðvelt að fá fólk til að starfa í ráðinu. Fundir voru skipulagðir tvisvar yfir veturinn og gekk illa að koma á síðari fundi. Nú er fulltrúi að hætta og verður ekki kosið í stað hans fyrr en í haust.

Foreldrafundir voru haldnir 5. og 24. október og voru haldnir tveir fundir, einn fyrir yngstu deild og annar fyrir báðar eldri deildarnar saman. Fyrirkomulag er að boðað er til fundar milli kl. 8 og 9 að morgni og er þá farið yfir skipulag og starf komandi vetrar. Foreldrafélagið hélt svo aðalfund foreldrafélagsins í nóvember.

Foreldraviðtöl voru haldinn á öllum deildum í mars 2018. Í niðurstöðum foreldrakönnunar kom fram að foreldrum fannst þeir ekki fá nægar upplýsingar um þroska barna sinna svo þetta hefur verið endurskoðað og gert verður ráð fyrir tveimur foreldraviðtölum næsta vetur í október/nóvember og svo aftur í mars/apríl 2019. Við vorum með tvö viðtöl í mörg ár en breyttum því fyrir 3 árum í eitt á ári, en nú er komin reynsla á það og ákveðið að hverfa til baka og hafa tvö viðtöl. Fyrirkomulag viðtala er að hver deild tekur tvo daga í viðtölin og setja upp skráningarlista í fataklega viku fyrir viðtöl þar sem fólk getur valið sér viðtalstíma, gert er ráð fyrir ½ tíma í hvert viðtal.

Allir foreldrar eru sjálfkrafa í foreldrafélaginu. Kosin er stjórn á aðalfundi að hausti og hittist stjórnin nokkrum sinnum yfir veturinn, þróunin hefur verið að einn fulltrúi úr stjórn foreldrafélagsins er líka í foreldraráði. Foreldrafélagið rukkar inn félagsgjald hjá foreldrum til að standa straum af kostnaði við ýmsar upptakur s.s. leiksýningum, sveitaferð, jólahaldi og sumarhátíð.

8 Samstarf leik- og grunnskóla (Stutt um helstu áherslur í samstarfi skólanna)

Samstarf við Árbæjarskóla á sér langa hefð og hefur þróast og breyst í gegnum árin. Aðeins hefur dregið úr en það hefur ekki komið að sök. Flest börn fara í Árbæjarskóla og hafa Rofaborg og Árborg unnið í samstarfi við skólann. Börnin fara nokkrum sinnum yfir veturinn í heimsóknir og 1.bekkur kemur 1x að hausti í heimsókn í leikskólann. Komin er nokkuð föst dagskrá sem breytist lítið á milli ár. Ekki er komin dagsetning á viðburði næsta árs en miðað við síðasta starfsár þá verður skipulagið á þessa leið:

október:	Heimsóknir í bókasafn Árbæjarskóla
nóvember:	Heimsóknir 1.bekkjar í Árborg og Rofaborg
Desember:	Jólastund, börnin koma og taka þátt í jólasamveru með 1.bekk.
Janúar:	Heimsókn í skólastund í Árbæjarskóla, 4-5 börn í einu og eru einn morgun, það er dagur í einu og fer það eftir fjölda barna í elsta ágangi leikskólanna hvað þetta tekur langan tíma.
Febrúar:	Smiðjur í Árbæjarskóla, börnin koma í skólann og taka þátt í texti, dansi, íþróttum.
Maí :	29. maí vorskóli , börnin eru boðuð í grunnskólann ásamt foreldrum .

9 Skipulagsdagar.

Skipulagadagar verða sex á árinu og eru 3 sameiginlegir með grunnskólum í Árbæ, Norðlingaholti, Selás og Ártúni.

14.september Árborg

12.nóvember Sameiginlegur með grunnskólum

07.febrúar 2019 Sameiginlegur með grunnskólum

22.mars Sameiginlegur með grunnskólum

2.maí Árborg námsferð

3.maí Árborg námsferð.

10 Fylgigögn

10.1 Skóladagatal

10.2 Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Árborg

Sigríður Hafdís Þórðardóttir

10. október 2018

Leikskólastjóri

Dagsetning

Starfsáætlun 2018 – 2019

Leikskólinn Árborg



Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Elsa María Pétursdóttir
Lilja Björk Stefánsdóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla.

Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Heildarfjöldi barna, og fjöldi barna sem njóta sérkennslu og barna af erlendum uppruna.
- Foreldraráð, foreldrafélag, foreldrafundur og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Starfsáætlun leikskólans Árborgar er auðlesin og kemur þar skýrt fram hver stenfa skólans er, hvaða þættir eru mettnir og hvernig. Tekið er fram hvernig starfið hefur gengið og hvernig er hægt að bæta það sem þarf að bæta. Leikskólinn var tekinn út í svokölluðu yrta mati fagskrifstofu leikskólasviðs og var foreldraráði kynntar niðurstöður, ákveðnir þættir voru teknir fyrir en gekk leikskólinn strax í að bæta það sem hægt væri að laga strax en ljóst var að aðrir hlutir kræfust meiri tíma, hefur foreldraráð orðið vart við þessar umbætur en einnig koma þær skírt fram í starfsáætlun leikskólans. Út frá samskiptum við leikskólann og frásagnir barnanna eru allir að gera sitt besta í því að fara eftir bæði hlutverki og leiðarljósi skóla- og frístundasviðs og er það í samræmi við það sem fram kemur í starfsáætluninni. Það er því einróma að við samþykjum starfsáætlun leikskólans.